

Sp.

23. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum um alþýðutryggingar, nr. 26 1. febr. 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram fyrir næsta Alþingi nákvæma endurskoðun á lögnum um alþýðutryggingar. Skal sérstaklega gera gagn-gerðar breytingar á köflunum um elli- og örorkutryggingar og um ellilaun og örorkubætur, þannig að allar tekjur, sem ætlaðar eru til greiðslu til gamalmenna og öryrkja, verði jafnharðan notaðar til styrktar og framfærslu öryrkja og þeirra gam-almenna, sem komin eru yfir 60 ára aldur á hverjum tíma, og jafnframt verði öll iðgjöld stighækkandi eftir tekjum.

Ennfremur skal gera gagngerðar breytingar á kaflanum um atvinnuleysisstryggingar, þannig að séð sé fyrir nægilegum tekjustofnum til þess að sjá verkamönnum farborða meðan þeir eru atvinnulausir og ekki reynist unnt að útvega þeim atvinnu, enda hafi allir verkamenn rétt til atvinnuleysisstyrks, án tillits til þess, hvort þeir eru félagar í verklýðsfélagi eða eigi. Kostnaður atvinnuleysisstrygginganna sé borinn af atvinnurekendum, ríki og bæjarfélögum.

Greinargerð.

Í trausti þess, að frumvarp það um breytingar á lögnum um alþýðutryggingar, sem flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu flytur á þessu þingi og fjallar eingöngu um kaflann um sjúkratryggingar, nái fram að ganga, er sérstaklega til-tekið, að nauðsyn beri til að undirbúa gagngerðar breytingar á köflunum um elli- og örorkutryggingar og um atvinnuleysisstryggingar. Annars þurfa lögín í heild sinni algerðrar endurskoðunar við.

Bæði breytingartillögurnar við kaflann um sjúkratryggingar og þingsályktun-artillaga þessi eru í fullu samræmi við kröfur þær um breytingar á alþýðutryggingunum, sem yfir 5200 Reykvíkingar sendu Alþingi í fyrria.

Nánar í framsöguræðu.